

75. fundur

Fræðslunefnd Stykkishólms hélt fund mánudaginn 22. maí 2006 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mættir voru úr Fræðslunefnd Björn Sverrisson, formaður, Ingveldur Eypórsdóttir, Katrín Pálsdóttir, Erna Guðmundsdóttir, varaformann. Auk þeirra Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri og Sigrún Þórsteinsdóttir, leikskólastjóri, Elín G. Pálsdóttir, fulltrúi kennara í leikskóla og Unnur Breiðfjörð, fulltrúi kennara í grunnskóla. Katrín Gísladóttir og Kristín Víðisdóttir boðuðu forföll.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Skýrslur skólastjóra.
- 1.1. Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.

Tíminn til vors.

Gunnar dreifði yfirliti yfir atburði innan skólans í maí mánuði.

Samræmdu prófunum er lokið og þessa dagana er sjúkraprófum að ljúka. Beðið er eftir að tölurnar berist til skólans og vonandi verður það fyrir skólaslit.

Aðrir nemendur á framhalds- og háskólastigi. Þeim nemendum sem stunda fjarnám á framhalds- og háskólastigi og njóta þjónustu grunnskólans er alltaf að fjölga og er það vel.

Vorskólinn fór vel fram. Aukið samstarf skólanna gerir að verkum að krakkarnir eru tilbúnir til að fara á milli skólastiga. Foreldranámskeið er nýlunda í þessu samstarfi en að því komu leikskólinn og grunnskólinn í sameiningu.

Skólasýning grunnskólans verður í ár "Opinn skóli". Verður hún fimmtudaginn 25. maí, á uppstigningadag og dreifði skólastjóri yfirliti yfir dagskrá dagsins.

Skólaslitin verða föstudaginn 2. júní kl. 18.00 í Stykkishólmskirkju.

Næsta skólaár.

Skólastjóri fór yfir ráðningarmál fyrir næsta skólaár. Lagði fram umsóknir frá Sesselju Konráðsdóttur um stöðu Gunnars Gunnarssonar sem fer í námsleyfi og frá Róberti Jörgensen og Fríðu Hrund Kristinsdóttur um stöður íþróttakennara.

Skólastjóri leggur til að ofangreindar umsóknir verði samþykktar.

Aðrar breytingar eru að Elín Kristinsdóttir er að koma aftur til starfa úr launalausuleyfi. Sigurborg Sturludóttir hefur sótt um breytingu á stöðuhlutfalli úr 100% í 75% á meðan hún lýkur námi. Hrafnhildur Hallvarðsdóttir hverfur til starfa í FSn. Aðrar breytingar eru ekki fyrirhugaðar að sinni.

Önnur skipulagsvinna og innra starf.

Endurnýjun kennslutækja.

Stofuskipan.

Umsjón með bekk.

Valgreinar nemenda í 8. -10. bekk.

Formaður gaf orðið laust um skýrslu skólastjóra.

Fyrirspurnir bárust um umsjónarkennara. Skólastjóri svaraði því til hverjir verði umsjónarkennarar bekkja á komandi skólaári.

Formaður leggur til að ofangreindar umsóknir verði samþykktar.

1.2. Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.

Nokkur börn hætta 1. júní og er því byrjað að taka inn börn í aðlögun á yngstu deildina. Það stefnir í metaðsókn á elstu deildina í haust, vegna breyttra vistunartíma og tveggja stórra árganga.

Útskrift elstu barna verður 24. maí kl. 18.00. Það verður með hefðbundnu sniði þar sem börnin bjóða fjölskyldu sinni á skuggaleikhússýningu og fá veitingar á eftir.

Föstudaginn 26. maí verða tvær elstu deildirnar með söngatriði á ráðstefnu sem haldin er hér á hótelinu. Einnig var leikskólinn beðinn um að hanna og útbúa nafnspjöld fyrir þátttakendur í ráðstefnunni og vera með nokkur verk til sýnis. Þetta er norræn ráðstefna um vita og strandmenningu sem gaman verður að taka þátt í.

Ásta talmeinafræðingur kemur í leikskólann 29. maí og er það í síðasta skipti á þessu starfsári.

Elín María Þorvarðardóttir er farin í barnsburðarleyfi, Elín Dóra Sveinbjörnsdóttir hætti störfum 1. maí og hefur Bryndís Benediksdóttir verið ráðin í stöðu Elínar Dóru og hluta af stöðu Elínar Maríu. Aðrar starfsmannabreytingar verða ekki í haust svo vitað sé.

Vorskólinn gekk vel og voru börnin ánægð. Einnig var mikil ánægja með foreldrafundinn sem haldinn var í samstarfi leik- og grunnskóla fyrir foreldra verðandi nemanda í 1. bekk.

Sigrún hefur spurst fyrir um vangaveltur nefndarmanna frá síðasta fundi fræðslunefndar varðandi bílastæði og lóð við nýja leikskólann. Þetta verður allt fullunnið þegar leikskólinn opnar.

Að lokum þakkaði Sigrún nefndinni fyrir veturinn og samstarfið við nefndina síðastliðin fjögur ár.

Formaður gaf orðið laust um skýrslu leikskólastjóra.

Gunnar fór aðeins yfir þá punkta sem voru kynntir fyrir foreldrum á fyrrnefndum kynningarfundum fyrir foreldra komandi 1. bekkjar.

Fram kom ánægja um birtingu gullkorna leikskólabarna í Stykkishólmspóstinum.

Þá voru stærðir komandi bekkjardeilda ræddar.

2. Sameiginlegt húsnæði grunnskóla og tónlistarskóla.

Formaður kynnti fyrir fundarmönnum hvað er í gangi hjá stýrihóp um stækkun grunnskóla og byggingu tónlistarskóla og lagði jafnframt fram skipuritið sem stýrihópurinn vinnur eftir og útskýrði það nánar. Sagði jafnframt að þegar sé búið að kalla eftir sérfræðiaðstoð. Skipuritið má finna á heimasíðu Stykkishólmsbæjar.

Formaður gaf orðið laust um málið.

Skólastjóri lýsti ánægju sinni með vinnu stýrihópsins hingað til og hvernig ólíkir hópar hafa verið kallaðir til samráðs.

Tímasetningar voru ræddar stuttlega en þær liggja ekki nákvæmlega fyrir en þó unnið eftir stífu plani.

3. Önnur mál.

Gunnar þakkaði fundarmönnum fyrir samstarfið á liðnum árum og lífleg skoðanaskipti og góða fundi.

Formaður tók undir orð Gunnars og þakkaði fundarmönnum vel fyrir ánægjulegt samstarf og fundarsetu.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18.05.

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari (sign.).